



Heilbrigðisráðherra
Svandís Svavarsdóttir
Velferðarráðuneytinu
Skógarhlíð 6
101 Reykjavík

Kópavogi 7. mars 2018.

Efni: Mönnun í heilsugæslu á landsbyggðinni.

Læknafélag Íslands (LÍ) lýsir miklum áhyggjum yfir stöðu heilsugæslunnar á landsbyggðinni. Um alllangt skeið hefur staðan verið sú að heilsugæslustöðvum gengur illa að manna stöður heilsugæslulækna. Um þennan vanda var síðast fjallað á málþingi Félags ísl. heilsugæslulækna um síðustu helgi og fréttir um málið rötuðu í fjölmiðla, sjá t.d.: <http://www.ruv.is/frett/heilsugaeslur-berjist-um-verktakalaekna>

Heilsugæslustöðvar hafa gripið til þess ráðs vegna þessa vanda að manna stöður lækna tímabundið, oftast í viku í senn með læknum sem sinna þá læknisstörfunum sem verktakar. LÍ telur þessa þróun mjög bagalega ekki síst m.t.t. öryggis sjúklinga og samfellu þjónustu við íbúa viðkomandi heilsugæslusvæða.

LÍ sýnist þróunin vera sú að heilsugæslustöðvar, sumar hverjar a.m.k., vilji mögulega frekar sinna lækniþjónustunni með þessum hætti í stað þess að leita allra leiða til að fá lækna til fastra starfa sem launamenn. Kostnaður við þjónustu verktakalækna er umtalsverður og innan þess útgjaldaramma telur LÍ að heilsugæslustöðvar eigi að geta laðað lækna til fastra starfa í heilsugæslunni úti á landi. Líklega þyrfti þá að bjóða læknum launakjör umfram kjarasamning lækna, en í því sambandi minnir LÍ á að kjarasamningur er ætíð lágmarkssamningur.

LÍ telur mikilvægt að hefja umræðu um þessa þróun í heilsugæslunni, hvernig spyrna megi við fótum, og snúa þróuninni við þannig að aftur takist að fá lækna til starfa í lengri tíma í heilsugæslu utan Reykjavíkur.

LÍ lýsir sig reiðubúið til viðræðna við heilbrigðisráðherra um þessi mál.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrimsson, formaður

Afrit:

Salóme Ásta Arnardóttir formaður FÍH.
Guðrún Ása Björnsdóttir formaður FAL.